

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 53/2021**

**frá 5. febrúar 2021**

**um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1156 frá 20. júní 2019 um að greiða fyrir flutningi sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 345/2013, (ESB) nr. 346/2013 og (ESB) nr. 1286/2014 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1160 frá 20. júní 2019 um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB og 2011/61/ESB með tilliti til flutnings sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri <sup>(2)</sup>.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Viðauka IX. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 30. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB) og lið 31bb (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB):

„– **32019 L 1160**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1160 frá 20. júní 2019 (Stjtið. ESB L 188, 12.7.2019, bls. 106).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bd (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013, lið 31be (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013) og lið 31bg (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014:

„– **32019 R 1156**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1156 frá 20. júní 2019 (Stjtið. ESB L 188, 12.7.2019, bls. 55).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 188, 12.7.2019, bls. 55.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 188, 12.7.2019, bls. 106.

3. Aðlögunartexti liðar f) í lið 31bg (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014) fellur brott:
4. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31bgca (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/480):

„31bi. **32019 R 1156**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1156 frá 20. júní 2019 um að greiða fyrir flutningi sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 345/2013, (ESB) nr. 346/2013 og (ESB) nr. 1286/2014 (Stjtið. ESB L 188, 12.7.2019, bls. 55).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 8. gr. að því er varðar EFTA-ríkin skulu orðin „innan 18 mánaða frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2021 frá 5. febrúar 2021 og fyrir 31. mars hvert oddatöluár þaðan í frá“ koma í stað orðanna „eigi síðar en 31. mars 2021 og annað hvert ár þaðan í frá“.
- b) Í 10. gr. að því er varðar EFTA-ríkin koma orðin „innan sex mánaða frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2021 frá 5. febrúar 2021“ í stað orðanna „eigi síðar en 2. febrúar 2020“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/1156 og tilskipunar (ESB) 2019/1160, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2018 frá 23. mars 2018 <sup>(3)</sup>, eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2020 frá 30. apríl 2020 <sup>(4)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 26, 30.1.2020, bls. 60.

<sup>(4)</sup> Verður birt.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Clara Ganslandt***

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING